



# Redirep 45 RSF

**Trefjastyrkt tixótrópískt múrefni fyrir steypu-  
viðgerðir með vörn gagnvart rýrnun**

## LÝSING VÖRUNNAR

**Redirep 45 RSF** er þurr murefni til viðgerða á steinsteypuyfirborði. **Redirep 45 RSF** er frostþolið og er með góða viðloðunareiginleika. Múrin sest fljótt með lítilli rýrnun. **Redirep 45 RSF** inniheldur sérstakt sement, vel sigtaðan þurran sand, ásamt íbætiefnum til að auka vinnanleika og viðloðun múrsins.

**Redirep 45 RSF** inniheldur engin efni, hvorki í sementi eða sandi sem gætu valdið alkalíviðbrögðum.

## NOTKUNARSVIÐ

**Redirep 45 RSF** er sérstaklega heppilegt til viðgerða á öllum gerðum galla og skemmda á yfirborði steinsteypu.

**Redirep 45 RSF** er með eftirfarandi eiginleika:

- Sest fljótt: Lítil hættá á plastískri rýrnun.
- Vörn gagnvart rýrnun: Lítil rýrnun við þornun.
- Harðnar fljótt: Gerið hraðvirka notkun mögulega.
- Viðnám gagnvart súlfati: Gott viðnám í sjávarumhverfi.
- Lítil gegndræpni: Mjög mikið viðnám gagnvart frosti.

**Redirep 45 RSF** uppfyllir skilyrði sem skilgreind eru í NS EN 1504-9 „Vörur og kerfi til verndar og viðgerðar á steypumannvirkjum - skilgreiningar, kröfur, gæðæftirlit og mat á samræmi. Almennar meginreglur um notkun á vörum og kerfum“. Og lágmarkskröfur sem lýst er í NS EN 1504-3, („Burðarvirki og almennar viðgerðir“) fyrir múrefni burðarvirkis í flokki R4.

## LEIÐBEININGAR VARÐANDI NOTKUN

### Undirbúningur

Hreinsa verður yfirborð til að fjarlægja ryk og lausar agnir. Væta skal þurr yfirborð fyrirfram. Það á ekkert umframvatn að vera á yfirborðinu þegar vinan hefst.

### Blöndun

Notið meðmælt magn af vatni (hám. 3,2 lítra) og hellið því í ílát, og bætið við þurru **Redirep 45 RSF** múrefninu og blandið með vel í 2-3 mínútur. Látið blönduna standa í 3 mínútur og hrærið á ný. Munið að of mikið vatn veikir múrin og eykur rýrnun.

### Borið á

Hægt er að bera bindilag af **Redisit** eða **Mapepoxy L** á milli yfirborðs og nýja múrsins til að tryggja viðloðun. Berið síðan **Redirep 45 RSF** á á meðan **Redisit**-húðunin er enn blaut. Bera skal múrin á yfirborðið með hendi og nota hefðbundin múrverkfæri eða með heppilegum sprautubúnaði.

### ATH!

Múrin er vinnanlegur í um það bil 20 mínútur við +20°C, og um það bil 35 mínútur við +10°C. Þú ættir þess vegna að blanda ekki meira en þú getur notað innan þess tíma.

### NOTKUN

Um það bil 2 kg/m<sup>2</sup> á hvern mm þykktar.

### HREINSUN

Nýjan múr er hægt að fjarlægja af verkfærum og búnaði með vatni. Harðnaðan múr er aðeins hægt að hreinsa með vélbúnaði.

## TÆKNILEGAR UPPLÝSINGAR (dæmigerð gildi)

### AUÐKENNI VÖRU

Styrktarflokkur samkvæmt EN 1504-3:	R4
Gerð:	PCC
Útlit:	duft
Litur:	grár
Hámarkskornastærð (mm):	1,0
Innihald þurrefna (%):	100
Magn klóríðjóns - lágmarkskröfur $\leq 0,05$ % - í samræmi við EN 1015-17 (%):	$\leq 0,05$
Geymsla:	12 mánuðir á þurrum stað í upphaflegum umbúðum

### NOTKUNARUPPLÝSINGAR VÖRU (við +20°C-50% hlutf.raka)

Litur á blöndu:	grár
Hlutfall blöndu:	100 hlutar Redirep 45 RSF með 12,8 hlutum vatns (um það bil 3,2 l í 25 kg poka)
Þéttleiki blöndu:	tixótrópískur
Þéttleiki (g/cm <sup>3</sup> ):	2,05
pH blöndu:	> 12
Hitavsið þegar efnið er borið á:	frá +5°C til +35°C
Líftími blöndu::	Um það bil 20 mín

### ENDANLEG FRAMMISTAÐA (12,8% blanda vatns):

Eiginleikar frammistöðu	Prófunaraðferð	Lágmarkskröfur kröfur samkvæmt EN 1504-3 for R4 flokkun á múr	Frammistaða vöru
Þrýstipólstyrkur (N/mm <sup>2</sup> ):	EN 12190	$\geq 45$ (eftir 28 daga)	> 20 (eftir 1 dag) > 30 (eftir 7 daga) > 45 (eftir 28 daga)
Sveigjustyrkur (N/mm <sup>2</sup> ):	EN 196-1	enginn	> 3 (eftir 1 dag) > 4 (eftir 7 daga) > 6 (eftir 28 daga)
Viðnám geng kolsýrumettun:	EN 13412	$D_k \leq$ stjórnun steinsteypu (MC(0,45))	stenst
Fjaðurstuðull við þrýsting (GPa):	EN 13412	$\geq 20$	22 (eftir 28 daga)
Bindistyrkur við steinsteypu (MC 0,40 gerð yfirborðs v/s hlutfall= 40 samkvæmt EN 1766 (N/mm <sup>2</sup> ):	EN 1542	$\geq 2,0$ (eftir 28 daga)	> 2,0 (eftir 28 daga)
Háræða ígleyfni (kg/m <sup>2</sup> • h <sup>0,5</sup> ):	EN 13057	$\leq 0,5$	0,11
Frostþol, þiðunarferli með notkun salts mælt í samræmi við EN 1542 (N/mm <sup>2</sup> ):	EN 13687-1	$\geq 2,0$ (eftir 50 ferla)	3,5
Viðnám gagnvart eldi:	Euroclass	Gildi gefið upp af framleiðanda	A1

## **PAKKNING**

**Redirep 45 RSF** er afgreitt í 25 kg pokum og 1200 kg sekkjum.

## **GEYMSLA**

**Redirep 45 RSF** er hægt að geyma í allt að mánuði á þurrum stað í upphaflegum óopnuðum umbúðum. Opnaða poka ætti að nota samstundis. **Redirep 45 RSF** uppfyllir skilyrði viðauka XVII við reglugerð (ESB) N° 1907/2006 (REACH), atriði 47.

## **ÖRYGGISRÁÐSTAFANIR FYRIR FRAMLEIÐSLU OG NOTKUN**

**Redirep 45 RSF** inniheldur sement, sem hjá sumu fólki getur valdið ertandi alkalín- eða ofnæmisviðbrögðum ef það kemur í snertingu við svita eða aðra líkamlega vökva. Notið hanska og hlífðargleraugu. Varðandi upplýsingar um heilsu, umhverfi og öryggi, sjá eigið öryggisblað á [www.mapei.com](http://www.mapei.com)

VARA TIL NOTKUNAR FYRIR FAGMENN

## **VIÐVÖRUN**

*Þó tæknileg atriði og tilmæli í þessu upplýsingablaði vöru samsvari bestu þekkingu okkar og reynslu, skal taka allt hér að ofan - upplýsingar, í öllum tilvikum, sem leiðbeinandi og til staðfestingar eftir langtímanotkun: vegna þessa þarf hver sá sem notar þetta efni að fullvissa sig um að efnið henti til ætlaðra verka: í öllum tilvikum ber notandinn einn fulla ábyrgð á afleiðingum sem leiða af notkun vörunnar. Öll afgreiðsla frá Mapei AS háð skilmálum varðandi sölu og afhendingarskilmála, sem teljast samþykktir þegar pöntun er lögð inn.*

**Vinsamlegast er vísað til núverandi útgáfu af tæknilegum leiðbeiningum, sem eru tiltækar á vefsíðu okkar [www.mapei.com](http://www.mapei.com)**

**Allar viðeigandi tilvísanir  
varðandi vöruna eru í boði ef  
óskað er og frá [www.mapei.com](http://www.mapei.com)**

**Redirep  
45 RSF**



**BUILDING THE FUTURE**

Any reproduction of texts, photos and illustrations published here is prohibited and subject to prosecution

**11.02.2015 IS**